

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. mars 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-14/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 18. febrúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings við Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Snýr ágreiningur aðila snýr að fjárhæð vinningsfjár vegna þátttöku álitsbeiðanda í getraun á vegum seljanda. Telur álitsbeiðandi fjárhæðina of lága.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Ágreiningur aðila snýst um getraunir, sbr. lög nr. 59/1972. Fellur ágreiningur aðila því ekki undir þjónustukaupalög, neytendakaupalög né lausafjárkaupalög. Af þessu leiðir að kæruneftndin hefur ekki heimild til þess að gefa álit sitt á þeim ágreiningi sem lýst er í álitsbeiðni. Kæruneftndinni ber því að vísa álitsbeiðninni frá sér.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir